

Jón Halldór Oddsson, húsgagnasmiður og Sigurveig Sigríður Árnadóttir,  
húsfreyja

Afhending 2012/31

Jón Halldór Oddsson fæddist á Kálfanesi í Steingrímsfirði árið 1912. Um tvítugt flutti hann að Glerá við Akureyri. Hann nam húsgagnasmiði og tók sveinspróf í þeirri iðn árið 1938. Árið 1952 stofnaði hann, ásamt nokkrum öðrum húsgangsmiðum, fyrirtækið Einir hf. en það var í senn húsgagnaverslun og verkstæði. Jón var framkvæmdastjóri Einis til starfsloka.

Sigurveig Sigríður Árnadóttir fæddist 24. september 1919 á Þverá í Svarfaðardal. Hún ólst upp á Þverá til 10 ára aldurs en 1930 flutti hún ásamt móður sinni og systkinum til Akureyrar. Hún stundaði nám í Húsmæðraskólanum Ósk á Ísafirði um tíma en bjó lengst af á Akureyri.

Árið 1939 giftust Jón og Sigurveig. Þau bjuggu alla sína hjúskapartíð á Akureyri og eignuðust 3 börn. Jón lést árið 1986 og Sigurveig lést árið 2002.

Skjölin voru afhent af Magnúsi Stefánssyni. Ekki hafa komið fleiri afhendingar tengdar þeim hjónum.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
16. apríl 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir  
Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>A-Jón H. Oddsson og Sigurveig S. Árnadóttir</b>			
A-Jón H. Oddsson og Sigurveig S. Árnadóttir		1938 - 1941	
<b>Jón H. Oddsson og Sigurveig S. Árnadóttir</b>			<b>2012 / 31</b>
2012 -	A / 1	1	1938- 1941 Sveinsbréf Jóns í húsgagnasmíði 1938; meistarabréf Jóns í húsgagnasmíði 1941; hjónavígslubréf Jóns og Sigurveigar 1939